



Að blása lífi í kulnaðar glæður

Elías B. Halldórsson sýnir að Kjarvalsstöðum

Á undanföllum árum hafa ófáir listmálarar reynt að gæða hina svonefndu lýrsku abstraksjón, eða ljóðrænu huglægju, nýju lífi, eftir að stefnan beið skipbrot fyrir hartær tveimur áratugum. Þessi list hefur oft verið kennd við París, því á áratugnum eftir stríð stóð hún með hvað mestum blóma í þeirri borg. En þegar vindar tóku að blása frá vestri og New York stal glæpnum sem miðstöð heimslistarinnar tók að hrikta í stöðum ljóðrænnar, enda var hún þá orðin svo faguð og átakalítill að hún lognaðist hljóðlaust útaf. Restarnar dögðu uppi sem skraut á konunglegu dönsku postulíni, eða sem verðlaunagripir á kvenfélagsbasar.

Vandi ljóðrænnar var innihaldsleysið sem sffellt gerðist ágengara og nagaði alla náttúru úr málverkinu. E.t.v. er hægt að segja svipaða sögu um sjálfa ljóðlistina, en um það skal ég ekki fullyrða. Eitt er víst að telji menn sig hafa höndlað fegurðina í eitt skipti fyrir öll, þá líður ekki á löngu þar til þeir falla kylliflatir fyrir þjattinu. Þannig fór fyrir mörgum málaranum sem hélt hann gæti að eilífu ræktað sömu ávextina.

Málverk Elíasar B. Halldórssonar eru undantekningar sem sanna regluna. Þau eru nú til sýnis í vestursal Kjarvalsstaða, 79 að tölum, ef með eru taldar nokkrar



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

smámyndir. Flest eru verkin stór í sniðum og þeirra á meðal er risastór mynd sem nefnist „Blóðnætur“. Hún er 9 metrar að lengd og 2 á hæð. Sýnir myndin að Elías er hvergi banginn við að hella sér út í tröllaukin verkefni hafi hann til þess áhuga. Það er einmitt sú hugsun að ganga feti fram; sýna aukið áræði, en láta ekki staðar numið við eitthvað sem gæti virkað laglegt, sem gefur þessari sýningu þann þunga slagkraft sem hún hefur. Listamanninum hefur m.ö.o. tekist að blása lífi í kulnaðar glæður hinnar lýrsku ab-

straksjónar og það hefur hann gert með því að nálgast hana á næsta epískan hátt.

Vissulega kemur þetta ekki algjörlega á óvart. Hingað til hefur mátt sjá hvernig þessi borgfirski Skagfirðingur sækir í sig veðrið með hverri sýningu, hvort heldur sér, eða samsýningu. Ég man ekki betur en hann hafi verið í hópi þeirra fáu sem áttu verulega góð verk á sýningu Listmálarafélagins.

Það getur verið og ætti að vera hverjum manni íhugunarefni hvers vegna Elías B. Halldórssyni hefur orðið svo vel ágennt í málralistinni sem raun ber vitni. Svartsins er eflaust að leyta í afstöðu hans til listarinnar. Þar er ekkert pláss fyrir sýndarmennsku né sjálfumgleði, heldur gerir listamaðurinn sér grein fyrir því, eins og reyndar Cézanne forðum, að myndlistin er nær 100% þrotlaus vinna.

Sýningu Elísar lýkur næstkomandi helgi og ættu Reykvikingar að sjá söma sinn í að líta þangað inn. Það gæti hressst okkur höfuðborgarbúa að sjá eitthvað sem ekki er tilbúið og pakkað í plast og jafnvel fyrirfram melt svo úr því sé allur safi.

HBR

Nýju útvarpslögin

dagskrárgerð í tiltekinni útvarpsstöð, bara einstaka þætti. Framhjá þessu ætti að vera auðvelt að ganga. Við getum td. búið til það dæmi að KEA fjármagni einn þátt, þann næsta kosti SIS, svo kemur röðin að Bragakaffi osfrv.

Síðasta skilyrðið fyrir veitingu útvarpsleyfis er á þann veg að gerður skuli samningur milli

útvarpsréttarnefndar og viðkomandi stöðvar þar sem kveðið er á um „hver sé handhafi útvarpsleyfis, reglur, samningstíma og leyfisgjald. Þar skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð, svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni.“

Auglýsingafrelsi

Í 4. grein segir að stöðvunum sé heimilt að afla tekna „með auglýsingum, afnotagjaldi eða sér-

stöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárlíðum.“ Um þetta atriði urðu hvað harðastar deilur á þingi og lá við borð að stjórnin spryngi þegar Friðrik Sophusson bar fram breytingartillögu um að stöðvarnar mættu bæði afla tekna með auglýsingum og áskriftum. Niðurstaðan varð sú að allt skal frjálst en þó ber stöðvunum að afla samþykkis útvarpsréttarnefndar við gjaldskrá.

Í 5. grein er að finna sérstakar reglur sem gilda um útvarp um þráð. Þar segir að leyfi til slíkra útsendinga sé háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín. Einnig segir þar að útvarp um þráð sem takmarkast við íbúðarblokk með 36 íbúðum eða færri og stofnanir eins og sjúkrahús, skóla eða vinnustað sé undanþegið áður nefndum almennum skilyrðum um eflingu menningarinnar og tungunnar, óhlutdrægni osfrv. Í slíkum tilvikum þarf heldur ekki að gera nefndinni grein fyrir dagskrárefni né gera samning við nefndina.

Gervihnatta-sjónvarp

Í 6. grein kveður á um gervihnattasjónvarp. Þar segir ma. að öllum sé heimil „móttaka dagskrár sem send er um gervihnatti gagnert til dreifingar til almennings.“ Vilji menn svo senda þessa dagskrá áfram um þráð verða þeir að gera um það samning við stöðina sem sendi dagskrána og leita samþykkis Pósts og síma. Auglýsingar sem fylgja dagskránni eru heimilar „brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.“ Semsé engar tóbaks- né áfengis-auglýsingar.

Í 7. grein er stöðvunum veitt heimild til að eiga þau tæki sem þarf til útvarpsendinga enda séu þau samþykkt af Pósti og síma.

Loks er í 8. grein heimild til ráðherra um að setja nánari reglur um framkvæmd 3.-7. greinar og þar segir einnig að útvarpsréttarnefnd geti afturkallað leyfi til útvarps „séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.“

Mikið veltur á reglugerðinni

Þetta er kjarni þess sem segir um „frjálst“ útvarp í nýju útvarpslögunum. Eins og sjá má af þessu eru mörg ákvæði laganna ansi laus í reipnum og óskýr. Ráðherra á eftir að semja reglugerð samkvæmt lögunum og útvarpsréttarnefnd á eftir að setja sér nánari starfsreglur. Á þeim reglum veltur mikið hvernig til tekst um framtíð útvarpsrekstrar í landinu.

Í nýju útvarpslögunum eru ýmis fleiri ákvæði sem ekki verða tíunduð hér. Þau fjalla um fjármál Ríkisútvarpsins, dreifingu og réttindi sem lúta að henni og nánari ákvæði um ábyrgð á útvarps-efni sem eru mjög svipuð og í gömlu útvarpslögunum. Loks eru ákvæði til bráðabirgða og meðal þeirra er að finna fyrirmæli um að þessi lög skuli endurskoða innan þriggja ára frá því þau voru sett, þe. fyrir þinglok árið 1988.

-PH

Menningarsjóður útvarpsstöðva

Í 2. kafla útvarpslaganna er að finna ákvæði um Menningarsjóð útvarpsstöðva en hlutverk hans á að vera að „veita framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu.“

Tekjur sjóðsins eru sérstakt gjald „sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.“ Áður en til úthlutunar kemur skal þó fyrst taka úr sjóðnum hlut Ríkisútvarpsins af rekstrar-kostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í sömu grein segir að Sinfónían megi gera samning við Ríkisútvarpið um réttindi þess og

varðandi flutning á tónlistarefni sveitarinnar gegn eðlilegu gjaldi. Ekkert segir um hugsanlega samninga Sinfóníunnar við aðrar útvarpsstöðvar. Ætli löggjafinn gangi út frá því sem gefnu að aðrar stöðvar hafi ekki áhuga á að flytja efni sveitarinnar?

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, „einn tilnefndur af útvarpsráði, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar.“ Skal nefndin skipuð til tveggja ára í senn.

Þessi stjórnarskipan er merki- leg fyrir tvennt. Í fyrsta lagi virðist vera tryggt að ríkjandi þingmeirihluti hverju sinni eigi alltaf meirihluta í stjórninni. Í öðru lagi að engir skapandi listamenn, dagskrárgerðarmenn eða aðrir þeir sem koma til með að leggja stöðvunum til efni skuli eiga sæti í stjórninni. Af þessari stjórn leggur ramman flokkspólitískan fnyk.

Annars hefur Eiður Guðnason vakið athygli á þeirri lögfræðilegu þversögn að í bráðabirgðaákvæði í lögunum segir að þessa stjórn skuli vera búið að skipa í fyrsta sinn áður en lögina taka gildi.

-PH